

Hvað getur gerst?



Flóð
Stormur og
Óveður
Eldgos
Mengun
Eldar

Jarðskjálftar
Flóðbylgjur
Snjóflóð
snjóbylur

Á Íslandi getum við átt von á alls konar hamförum. Hér á myndinni sjáum við nokkur dæmi. Hvað á við þar sem þú býrð

Aurskriður

Eiturefni, geislavirk efni og heilsuvá

Eldgos, hraunrennsli, öskufall, mengun vegna lofttegunda, jökulhlaup

Eldingar

Fárviðri, ofsaveður, ofsakuldi

Flóð

Flóðbylgjur

Jarðskjálftar


Sjávarflóð

Snjóflóð

Gróðureldar

Annað sem hugsanlega getur gerst

Kannt þú að bregðast við? Hvað getur þú lært?



Gott er að gera áætlun um viðbrögð við hættu - þá veistu hvað þú átt að gera - æfðu þig og þá gengur allt betur

Það er auðvelt að hugsa „það kemur ekkert fyrir mig“ þar til atburður gerist. Þá er gott að hafa áætlun og vita hvað er hægt að gera

Góð heimilisáætlun er í þremur hlutum

1. Hvað getur þú gert **áður en** hamfarir dynja yfir – að vera viðbúin
2. Hvað getur þú gert **á meðan** hamfarirnar dynja yfir – vera öruggur og lágmarka áhrif hamfara á þig og heimilisfólk, eignir og umhverfi
3. Hvað getur þú gert **eftir að** hamfarirnar dynja yfir – hvar getur þú nálgast hjálp og náð þér eftir hamfarirnar


- Hafðu í áætluninni hvar þú getur nálgast upplýsingar um hamfarir www.almannavarnir.is , www.vedur.is , www.vegagerdin.is, www.ruv.is og svo framvegis og eftir atvikum og símanúmer – hvað gerir þú ef fjölskyldumeðlimir eru utan heimilis þegar hamfarir verða og hvar þú getur nálagast hjálp.
- Athugaðu hvort tryggingarnar þínar séu uppfærðar og nái yfir verðmæti heimilisfólks
- Ef þú ert með gæludýr eða skepnur– gerðu ráð fyrir þeim í áætluninni
- Gerðu ráð fyrir sér þörfum heimilismanna – gerðu ráð fyrir þeirra þörfum í áætluninni
- Þekktu nágretta þína – ef neyðarástand skapast athugaðu hvort þeir þarfnast aðstoðar– sérstaklega eldri borgarar, fjölskyldur með börn og aðfluttir – ef þarf að rýma húsnæðið þá er Rauði krossinn með fjöldahjálpastöð í oft í nálægum skóla



Er allt í lagi með fólkið í kringum þið – þú getur kannski hjálpað og hringt í Neyðarlínuna í síma 1-1-2 ef einhver hefur slasast

Nauðsynlegur búnaður

Útvarp – sjúkrakassi – vasaljós - heimilisáætlun



Athugið að útbúa neyðarkassa eftir þörfum hvers og eins.



Auka hleðsla eða hleðslurafhlaða er nauðsynleg í neyðarkassann



Búnaður í góðum neyðarkassa getur verið : **vel útbúinn sjúkrakassi og skrá yfir lyf heimilismanna, vasaljós og útvarp með rafhlöðu (eða sjálfhlaðandi), bæklingur um skyndihjálp, snúrusími, sem hægt væri að nota ef stafrænn eða þráðlaus sími verður óvirkur, auka rafhlaða fyrir farsíma og hleðslutæki sem hægt er að nota í bifreið eða auka hleðsla fyrir raftæki, minnislykill með mikilvægum skjölum og ljósmyndum, flauta, upptakari, þurrmat (pasta, súpur, kex), vatn, eldhúsrúllur, rykgrímur, eldspýtur, kerti, stór plastpoki, eitthvað reiðufé, auka bíllyklar, húslyklar, föt, svo og ýmsar sérþarfir fjölskyldumeðlima t.d. fyrir börn og gæludýr.**

Einnig er mikilvægt að hafa útprentaða skrá yfir helstu símanúmer fjölskyldu og stofnana í sveitarfélaginu, lyfjaskrá auk þess sem upplagt er að setja í viðbragðsáætlun fjölskyldunnar/vinnustaðarins í öryggis- og neyðarkassanum. Góð verkfæri eru einnig nauðsynleg í slíkum kassa (hamar, kúbein, skófla) svo og límbandsrúlla.

Venjulegur útilegubúnaður getur komið sér vel þegar yfirgefa þarf heimilið, oft í flýti vegna hamfara, og auðvelt að grípa með s.s svefnpokar, teppi, hlý föt (ullarnærföt) og góðir skór, pakkamat, vatnskútur með vatni í, snyrtidót, niðursoðinn/þurrmat, kveikjari, upptakari, ásamt pottum og prímusum. Einnig spil, púsl og önnur afþreying, sérstaklega fyrir börnin.

Athugið! Kynnið ykkur hvar skrúfað er fyrir vatn og hvernig rafmagn er tekið af heimilinu

**AÆTLUNIN OKKAR –GÁTLISTI VEGNA NEYÐARÁSTANDS – BÆTIÐ ENDILEGA VIÐ YKKAR
ATHUGASEMDUM**

HVAÐA HAMFARIR GÆTU HAFT ÁHRIF Á OKKUR - LÝSIÐ Í STUTTU MÁLI HVERNIG ÞÆR GÆTU HAFT
ÁHRIF

.....
.....
.....
.....

HVERJIR ERU Á HEIMILINU OG TAKA ÞÁTT Í GERÐ ÁÆTLUNARINNAR?

.....
.....

HVAÐ GERUM VIÐ EF EINHVER AF HEIMILISFÓLKINU ER EKKI HEIMA ÞEGAR HAMFARIR VERÐA?

.....
.....

GÆTUM VIÐ ÞURFT AÐ RÝMA HEIMILIÐ.....

HVAÐ GÆTI KOMIÐ FYRIR SEM KALLAÐI Á RÝMINGU? SKOÐIÐ MISMUNANDI HÆTTUR SEM GÆTU
KALLAÐ Á RÝMINGU VEGNA HÆTTUÁSTANDS Í NÁGRENNI HEIMILISINS

.....
.....

HVAR GÆTUM VIÐ HIST EF VIÐ ÞURFUM AÐ RÝMA HEIMILIÐ. GÆTUM VIÐ HAFT STAÐ TIL AÐ
HITTAST Á EF VIÐ FÖRUM Á MIS?

.....
.....

HVERNIG GETUM VIÐ UNDIRBÚIÐ OKKUR FYRIR MISMUNANDI HAMFARIR?

.....
.....
.....
.....

HVERNIG GETUM VIÐ TEKIST Á VIÐ MISMUNANDI HAMFARIR EÐA NEYÐARÁSTAND

.....
.....

ANNANÐ

.....
.....
.....